



Opinber rammi félagsmiðstöðva

Er hann nauðsynlegur?

Ágúst Arnar Þráinsson

Lokaverkefni til BA-prófs
Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Opinber rammi félagsmiðstöðva

Er hann nauðsynlegur?

Ágúst Arnar Þráinsson

Lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Árni Guðmundsson

Íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Opinber rammi félagsmiðstöðva

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í tómstunda- og félagsmálafræði við Íþróttá-, tómstunda- og
þroskaþjálfadeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Ágúst Arnar Þráinsson 2018

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi
höfundar.

Prentun: Prentsmiðja xxx

Reykjavík, 2018

Ágrip

Reglugerðir um starf félagsmiðstöðva eru af skörnum skammti. Félagsmiðstöðvastarf fer fram um allt land og það er mikilvægt að tryggja að það starf sé gott.

Við núverandi aðstæður er sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvernig þjónusta er boðið upp á fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10 til 16 ára. Tryggja þarf að öll sveitarfélög séu að bjóða upp á gæðapjónustu fyrir þennan aldur. Breytingar sem gerðar voru á 33. grein grunnskólalaga gera frístundaheimilum hátt undir höfði. Hægt væri að horfa til þeirra breytinga sem fyrirmynd.

Við vinnslu þessa verkefnis var haft samband við nokkur sveitarfélög og skoðað hvaða gögn og tilföng starfsfólk fær í hendur í starfi sínu í félagsmiðstöðvum. Leitast var eftir fjórum lykilatriðum; skýr markmið starfsins, skýrar verklagsreglur, skýr hlutverk starfsmanna og að það sé skýrt hvernig unglingurinn hefur áhrif á starfið.

Þessi rannsókn leiddi í ljós að mismikil áhersla er lögð á unglingalýðræði og að gæðaviðmið eru ólík. Starfsemin þarf aukið aðhald og skýrari markmið.

Það er því mikilvægt að gæðaviðmið í félagsmiðstöðvastarfi verði gerð skýr. Lög um félagsmiðstöðvar myndu tryggja betri stöðu félagsmiðstöðva, starfsfólks þeirra og barnanna og unglinganna.

Efnisyfirlit

Töfluskra	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
1.1 Hvers vegna þetta efni?.....	8
1.2 Rannsóknarspurning: „Opinber rammi félagsmiðstöðva“	8
2 Lýsing á ástandinu	9
2.1 Lög og reglur erlendis	9
2.2 Staðan hérlendis	10
3 Fræðilegt gildi tómsunda og aðferðafræði	12
3.1 Fræðikafli	12
3.1.1 Félagsmiðstöðvar	13
3.1.2 Unglingalýðræði	14
3.2 Aðferðafræði	15
4 Rannsókn	16
4.1 Sveitarfélögin.....	17
4.1.1 Sveitarfélag 1: Hafnafjörður	17
4.1.2 Sveitarfélag 2: Akureyri	17
4.1.3 Sveitarfélag 3: Ísafjörður	18
4.1.4 Sveitarfélag 4: Stykkishólmur	19
4.1.5 Sveitarfélag 5	19
4.2 Niðurstöður	21
5 Lokaorð	23
6 Heimildir	25

Töfluskra

Tafla 1. Unnin af Ágústi Arnari Práinssyni	20
--	----

Formáli

Í námi mínu í Tómsunda og félagsmálafræði hef ég kynnst mikilvægi faglegrar þekkingar í starfi. Námið hefur komið mér í samband við fagfólk og fræði sem tengjast þeim störfum sem Tómsunda og félagsmálafræðingar vinna við. Staða félagsmiðstöðva í menntakerfinu kom mér á óvart, það var kveikjan að þessu verkefni. Á Íslandi sjá sveitafélögin sjálf um ábyrgð og skipulagningu félagsmiðstöðvastarfsins án þess að regluverk eða stuðningsefni sé til frá hinu opinbera.

Ég vill þakka öllum sem hafa hjálpað mér að gera þetta verkefni mögulegt. Það sem ég er þakklátur fyrir stuðningin sem ég hef fengið frá vinum og fjölskyldu. Einnig fær leiðbeinandinn minn, Árni Guðmundsson sérstakar þakkir fyrir ótrúlega þolinmæði og þá miklu hjálp sem hann hefur veitt mér í þessu ferli.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða til fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem hafa lagt mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 08. maí 2018

Ágúst Arnar Þráinsson

1 Inngangur

Félagsmiðstöðvastarf hefur lengi verið mér ofarlega í huga. Í námi mínu í tómsunda- og félagsmálafræði hef ég fengið að kynnast fjölda fólks sem hefur misgóðar sögur að segja af félagsmiðstöðvastarfi, bæði úr eigin starfi og í tengslum við upplifun þeirra á unglingsárunum.

Félagsmiðstöðvastarfið á þessum stöðum er ólíkt, en á það þó sameiginlegt að það fólk sem ég hef rætt við þekkir til félagsmiðstöðvastarfs í sínu sveitarfélagi. Það er því nokkuð algengt að félagsmiðstöðvastarf sé í boði í sveitarfélögum á Íslandi.

Þegar farið er að skoða hvers vegna sveitarfélög bjóða upp á félagsmiðstöðvastarf eru svörin ólík. Flestir eru þó sammála um að það sé mikilvægt að bjóða uppá forvarnarstarf fyrir 10 til 16 ára. Af einhverjum ástæðum hefur hins vegar lítið verið rætt um gæði starfsins og það sem fer fram í félagsmiðstöðvunum.

Starfsemi félagsmiðstöðva er mikilvægur hluti af lífi margra unglinga. Félagsmiðstöðvar bjóða upp á tækifæri fyrir unglinga til að þroskast í vernduðu umhverfi. Sveitarstjórnir um allt land reka félagsmiðstöðvar, þótt viðmiðin fyrir það sem þar á að fara fram séu ekki skýr.

Erfitt er að leggja mat á starfið í félagsmiðstöðvunum í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Enginn rammi er til staðar í kringum félagsmiðstöðvastarfið til að hægt sé að meta gæði starfsins. Þetta gerir bæði sveitarfélögum og fagfólki erfitt um vik að átta sig á stöðunni hér á landi. Það er þess vegna sem ég tel mikilvægt að skoða stöðuna hjá nokkrum sveitarfélögum.

Það er þó mikilvægt að taka fram að þessari rannsókn á stöðu nokkurra sveitarfélaga er ekki ætlað að vera gagnrýni á starf félagsmiðstöðvanna sjálfra, heldur einungis að benda á hvar betur mætti gera hjá þessum sveitarfélögum. Það er einnig mjög erfitt að fá upplýsingar frá sveitarfélögunum, sem hafa ekki mikið stoðefni fyrir starfsfólk félagsmiðstöðvanna. Sveitarfélög sem hafa ekki fastmótaða hugmynd um hvernig félagsmiðstöðvastarf á að fara fram geta tæplega ætlast til að starfsemin verði eins og best væri á kosið.

1.1 Hvers vegna þetta efni?

Í námi mínu í tómsunda- og félagsmálafræði hef ég fengið innsýn í sögu fræðanna og fagfólksins og þróun tómsundastarfs á Íslandi. Sú þróun hefur verið mjög hröð. Eftir því sem ég öðlaðist skýrari sýn á stöðu mála héraendis varð mér ljóst að lítið hefur verið hugað að tímanum eftir að skóladegi barna og unglunga á grunnskólastigi lýkur. Samþykktar hafa verið reglur um gæðaviðmið í starfi frístundaheimila. Sú breyting er af hinu góða, markmiðið er að skoða er hvort setja þurfi svipuð gæðaviðmið fyrir félagsmiðstöðvar á Íslandi.

1.2 Rannsóknarspurning: „Opinber rammi félagsmiðstöðva“

Markmiðið með þessari ritgerð er að skoða stöðu félagsmiðstöðva héraendis. Nú er búið að semja og verið er að leggja lokahönd á gæðaviðmið í frístundastarfi barna á aldrinum 6 til 9 ára. Því tel ég eðlilegt að skoða einnig stöðuna hjá félagsmiðstöðvum. Hver er staða félagsmiðstöðva? Þarf að setja gæðaviðmið fyrir félagsmiðstöðvar? Hvernig getum við metið hvort gæðamats sé þörf? Vel væri hægt að gera heildstætt innra og ytra mat á öllum félagsmiðstöðvum landsins og myndi það skila bestu niðurstöðunum. Því miður er mér ekki unnt að gera það nú. Ég hef sent út beiðnir um að fá sendar starfskrár og leiðbeiningar sem starfsfólki félagsmiðstöðva er ætlað að styðjast við í sínu starfi. Efnið og gögn sem notast var við í vinnslu þessarar ritgerðar hefur að miklu leyti komið frá starfsfólki félagsmiðstöðva ásamt upplýsingum af heimasíðum.

2 Lýsing á ástandinu

Eins og staðan er í dag er nokkuð ljóst að mikið er horft til höfuðborgarsvæðisins hvað varðar starfsreglur og hugmyndir um hvernig standa eigi að starfi félagsmiðstöðva. Þannig hefur staðan verið um nokkurt skeið og ef sveitafélög myndu horfa til þess hvernig sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa að starfsemi félagsmiðstöðva væri staðan líklega mun betri. Sveitarfélög víðsvegar um landið halda úti góðu félagsmiðstöðvastarfi. En raunveruleikinn er sá það er ekki hægt að leggja hlutlægt mat á hvar gott starf fer fram og hvar það er síðra. Það er einfaldlega bundið einstaklingum og upplifun hvers og eins. Það er því þörf á auknu eftirliti frá hinu opinbera til að tryggja að fylgst sé með starfsemi félagsmiðstöðva. Það er ljóst að fólkið sem starfar í félagsmiðstöðvum er að reyna sitt besta til að tryggja bjarta framtíð unglíngana sem mæta í starfið hjá þeim.

Það sem skortir er stuðningsnet og fagleg umgjörð. Þær starfsvenjur sem tíðkast nú virðast skila góðum árangri. Reykingar unglíngna er mælikvarði sem margir horfa til í því samhengi og það má þakka starfi félagsmiðstöðvanna fyrir þeirra þátt í þessum góða árangri, en reykingar unglíngna hafa dregist saman. Það er því margt vel gert í starfsemi félagsmiðstöðva landsins eins og stendur, en nauðsynlegt er að tryggja að starfsfólk félagsmiðstöðva í fámennari sveitarfélögum hafi aðgang að uppbyggilegri gagnrýni til að tryggja gott og faglegt félagsmiðstöðvastarf.

2.1 Lög og reglur erlendis

Þegar farið er út fyrir landsteinana blasir við að mörg nágrannalandanna hafa lagt mikla vinnu í að gera lagarammann í kringum starf með unglíngum góðan og skýran. Í Finnlandi eru í gildi lög um að mennta- og menningarmálaráðuneytið sé ábyrgt fyrir þróun, almennri stjórnun og skipulagningu æskulýðslaga og æskulýðsstarfs, sem og að skapa almenn skilyrði fyrir æskulýðsstarfi og æskulýðsmál innan stjórnsýslu ríkisins (Ungdomslagen, Finland 2016/1285).

Í 8 gr. æskulýðslaga (Ungdomslagen) í Finnlandi kemur fram að æskulýðsstarfsemi og mótun æskulýðstefnu sé verkefni sveitarfélaga. En út frá markmiðum laganna (2.gr) sem meðal annars ganga út á að efla borgarvitund, virkni og sjálfeflingu ungmenna og í því ljósi beri sveitarfélögum að halda úti æskulýðsstarfi sem vettvangi til þess að efla þessa þætti í fari ungmenna. Í lögnum kemur fram að sveitarfélögum beri að leggja til húsnæði og starfsfólk í þessum tilgangi. Í þeim tilfellum sem þess gerist þörf er sveitarfélögum skylt að

starfa með öðrum þeim opinberu stofnunum sem láta sig málefni ungmenna varða sem og aðilum eins og foreldrasamfélaginu, æskulýðsnefndum, söfnuðum og öðrum þeim er standa að æskulýðsstarfi. Í reynd eru finnsku löginn ekki síst og í raun krafa um þjónustu félagsmiðstöðva í samfélaginu sem og rammi um þau gildi og starfsaðferðir sem á að viðhafa (Ungdomslagen, Finnland 2016/1285).

2.2 Staðan hérlendis

Á Íslandi er staðan sérstök. Lagarammi í kringum félagsmiðstöðvar er nánast enginn. Þó eru til nokkrar lagagreinar sem er vísa má til, þar sem hvatt er til að sveitarfélög starfræki félagsmiðstöðvar.

Í æskulýðslögum er 1. grein svohljóðandi: „Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess, sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Löginn miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára.“ (Æskulýðslög, 70/2007)

Hugsanlega á þessi lýsing ekki að öllu leyti við um félagsmiðstöðvar. Hins vegar má einnig vísa til laga um félagsþjónustu sveitastjórna, en þar er talað um unglinga og þar er reglugerð þar sem sérstaklega er talað um félagsmiðstöðvar. Þar kemur fram: „Félagsmálanefnd skal sjá um þá þætti unglingaþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útideildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglingaathvarfa eftir því sem þörf er á. Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þar á meðal rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.“ (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, 40/1991).

Út frá þessum lagagreinum má segja að stjórnvísan virðist meðvituð um félagsmiðstöðvarnar en hafi þó vanrækt að skilgreina hlutverk þeirra. Mörg sveitarfélög hafa gripið til þess ráðs að búa til eigin starfsskrá til að skapa ramma í kringum félagsmiðstöðvastarfið.

Það sem hefur þó breyst til batnaðar og mun gera breytingar á lagaumhverfi félagsmiðstöðva einfaldari eru nýjar reglur um frístundaheimili.

Þar segir í 33 grein: „Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.“ (Lög um grunnskóla 91/2008)

Í grein 33a er talað um frístundaheimili: „Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.“ (Lög um grunnskóla 91/2008). Seinna í grein 33a segir: „Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.“ (Lög um grunnskóla 91/2008).

Viðmið um gæði frístundastarfs voru gefin út af starfshópi nú á vormánuðum 2018 og snúa að skilgreiningu á hlutverki, leiðarljósum, markmiðum og viðmiðum fyrir starf frístundaheimila sem starfrækt eru fyrir börn á aldrinum sex til níu ára. Í þessum viðmiðum er hlutverk frístundaheimila skilgreint: „Meginhlutverk frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.“ Að auki voru leiðarljós frístundaheimila skilgreind líka: „Að bjóða öllum börnum þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómstundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra. Umhverfi starfsins einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2018)

Eins og fram kemur hér að ofan er ljóst að nýta má svipaða nálgun varðandi laga og reglugerðaramma um félagsmiðstöðvar. Æskilegast væri þó að vettvangur frítímans og tómstunda í heild lytu heildalöggjöf samanber finnsku lögin um æskulýðsstarf (Ungdomslagen).

3 Fræðilegt gildi tómstunda og aðferðafræði

3.1 Fræðikafli

Þegar tómstundir eru skoðaðar er augljóst að margar ólíkar skilgreiningar eru til á tómstundum. Algengast er að tómstundir séu skilgreindar sem sá tími sem er laus. Það er engin vinna eða önnur skyldustörf.

Tíminn er notaðar á gagnlegan jákvæðan hátt eða neikvæðan skaðlegan hátt.

Frjáls tími er svo sá tími sem nýttur er til tómstunda eftir að hver einstaklingur hefur sinnt þeim athöfnum sem teljast nauðsynlegar. (Leitner og Leitner 2012)

Íslenskir fræðimenn og konur hafa líka reynt að skilgreina tómstundir og tók Vanda Sigurgeirsdóttir (2010) til þeirra ráða að skilgreina tómstundir út frá fimm flokkum og skoða hvernig er hægt að skilgreina út frá hverjum og einum flokki. Flokkarnir fimm eru *tími, hlutverk, viðhorf, athöfn* og *gæði* og verður greint frá þeim hér að neðan.

Tími: Tómstundir er allur tími utan vinnu sem við njótum með vinum eða okkur sjálfum.

Hlutverk: segir til um að tómstundir hafi notagildi fyrir einstaklinginn sem og fyrir samfélagið.

Viðhorf: Reynsla og skilningur einstaklings ákvarðar hvað eru tómstundir hvað ekki. Þessi nálgun snýr að því að tómstundir geti átt sér stað hvar sem er, í hvaða formi sem er og hvenær sem er.

Athöfn: Röð athafna eða starfsemi sem fólk hefur valið að nýta frítímamann sinn í.

Gæði: Þar skiptir máli hvað gerist og þá flokkast atburður sem tómstund ef ákveðnum gæðum er náð. Tómstundir verða samkvæmt þessari nálgun að skapa ánægju, merkingarbæra reynslu, hafa jákvæð áhrif og vellíðan. Mikilvægt er að upplifa jákvæða reynslu til að athöfn teljist sem tómstund (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Í markvissu hópastarfi er hópurinn tæki og verkefnin ekki endilega markmið hópastarfsins nema að hluta. Hópur er sniðinn að ákveðnu verkefni. Sem dæmi er kvikmyndaklúbbur leið til að ná utan um ákveðinn hóp. Lengd, fjöldi, tími og viðfangsefni fara eftir uppeldislegum markmiðum viðkomandi hópastarfs. Sameiginlegur grundvöllur jákvæðra gilda og viðmiða ákveðins hóps getur haft áhrif á einstakling sem hefur átt erfitt með slík gildi. Þessi aðferð er dæmi um starfsaðferð félagsuppeldisfræðings til dæmis í félagsmiðstöðvarstarfi eða öðru æskulýðsstarfi (Árni Guðmundsson, 2007).

Fagleg hæfni félagsuppeldisfræðings er ekki fólgin í því að starfa líkt og sálfræðingur, kennari eða félagsráðgjafi. Hæfni og mikilvægi starfsins byggist á því að leiða saman fólk og byggja upp virk samskipti milli fólks, gefa ungu fólki tækifæri til að vinna undir merkjum lýðræðis að margvíslegum verkefnum, gefa fólki kost á að öðlast félagslegan þroska og félagslega hæfni í gegnum ýmis viðfangsefni og gefa fólki kost á að menntast í víðtækasta skilningi þess orðs (Árni Guðmundsson, 2007).

Stundum er talað um tómstundamenntun þegar verið er að kenna einstaklingum hvernig æskilegt væri að nýta frítímann sinn. Tómstundamenntun (e. *leisure education*) er hugtak sem felur í sér að kenna einstaklingnum að nota frítímann sinn á uppbyggilegan og jákvæðan hátt til að auka lífsgæði (Leitner og Leitner, 2012:18). Tómstundamenntun getur verið óformleg og formleg. Þegar talað er um formlega tómstundamenntun er átt við tiltekið ferli sem byggt er á fyrir fram ákveðnu innihaldi og skipulögðum kennsluaðferðum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Tómstundir og það hvort um skipulagt tómstundastarf er að ræða geta haft mikil áhrif á sálfræðilegan þroska ungmenna. Tómstundastarf með skýrt markmið og lokatakmark er talið styðja við aukinn þroska ungmenna. Þar sem það að takast á við áskoranir, æfa einbeitingu og leggja sig fram við verkefni hefur mikil áhrif á þroska þátttakenda starfsins (Trainor, Delfabbro, Anderson og Winefield, 2010).

3.1.1 Félagsmiðstöðvar

Í ljósi uppeldisfræðinnar er félagsmiðstöð menntasetur í víðasta skilningi. Þú átt að öðlast félagslega hæfni, þroska og jákvæða sjálfsmynd sem fæst með virkri þátttöku í félagsmiðstöðvum. Í skilningi félagsfræðinnar er félagsmiðstöðvarstarf leið samfélagsins til að viðhalda og reyna að móta þjóðfélagsþróun sem við vitum þó ekki alveg hvert stefnir. Um leið er reynt að forða því að ungmenni fari sér að voða eða geri stór og óafturkræf mistök. Félagsmiðstöðvar byggja á straumum samtímans, en starfa þó samkvæmt ákveðnum faglegum forsendum (Árni Guðmundsson).

Félagsmiðstöð er nokkurn vegin á milli þess að vera vettvangur félagslegra samskipta og staður þar sem unglingar geta komist í margskonar afþreyingu. Starfsfólk skal tryggja að faglegt starf og að tekið sé mið af uppeldisgildum frítímans (Jakobsen, 2000).

Samfés eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi sem stofnuð voru þann 9. desember 1985.

Á Íslandi eru 106 félagsmiðstöðvar (Samfés e.d.). Samfés hefur sett fram nokkur tilmæli til félagsmiðstöðva og aðildarfélaga Samfés, sem eru svohljóðandi:

„Tilmæli til aðildarfélaga Samfés:

- Kröfur um reynslu eða menntun á sviði frítímans, a.m.k. hjá yfirmanni.
- Að það sé símenntunaráætlun í boði.
- Þegar félagsmiðstöð/ungmennahús er opin skal ávallt stefnt að því að hafa a.m.k. tvo starfsmenn á vakt hverju sinni.
- Allir starfsmenn félagsmiðstöðvar/ungmennahúss skulu vera með hreint sakarvottorð.
- Félagsmiðstöð/ungmennahús skal vera opin a.m.k. tvisvar í viku utan skólatíma yfir starfsárið.
- Ungmennalýðræði skal viðhaft og stefnt skal að því að í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum séu starfrækt unglingaráð eða annar sambærilegur lýðræðislegur vettvangur unglunga.
- Samvinna en samt sem áður skýr aðgreining skólastarfs og félagsmiðstöðva/ungmennahúsa.
- Starfað er eftir forvarnar- og uppeldismarkmiðum sem samrýmast markmiðum samtakanna.
- Tekið er sérstakt mið af þörfum hinnar ófélagsbundnu æsku.
- Jafnt aðgengi fyrir alla að félagsmiðstöð/ungmennahúsi.
- Tilgangur með tilmælum þessum er að efla frekar og auka gæði starfs í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum innan Samfés.“

(Samfés e.d.).

3.1.2 Unglingalýðræði

Í félagsmiðstöðvum er búinn til rammi þar sem umhverfið er öruggt og einfalt er fyrir unglunga að hafa bein áhrif á starf félagsmiðstöðvanna. Þarna eru í raun fyrsta snerting unglunga við lýðræði (Árni Guðmundsson, 2007).

Það er ekki einungis mikilvægt að unglingar kynnist lýðræði, það er einnig mikilvægt að unglingar komist í tengingu við lýðræðið með því að taka þátt í mótun félagsmiðstöðvastarfsins.

Mikilvæg áskorun í félags og tómstundastarfi er að styðja við aukið lýðræði í samfélaginu. Tómstundir eða þátttaka í félagsstarfi getur skapað góðan vettvang til að efla félagsauð. Félagsauður er yfirleitt tengdur í einhvers konar kerfi félagslegra tengsla. Til að mynda innan skólakerfis, félagssamtaka eða fjölskyldu. Slík tenging virðist efla einstaklinga til að láta til sín taka innan félagskerfa sem þeir hrærast í daglega. Einstaklingur er í ólíkum hlutverkum í ólíkum kerfum, hann er til dæmis er hluti af fjölskyldu, starfsmaður á vinnustað eða félagi í skátaflokk. Eftir því sem einstaklingur eflist í einu hlutverki þá getur það haft áhrif á félagsauð sem fylgja öðrum kerfum og hlutverkum einstaklingsins. Félagsauður er mikilvægur fyrir lýðræði og borgaravitund (Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. 2017).

Í 12. grein Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska“

3.2 Aðferðafræði

Valið var eftir hentugleikaúrtaki nokkur sveitarfélög á Íslandi. Fyrir valinu urðu fleiri sveitarfélög af landsbyggðinni til að tryggja að niðurstöðurnar væru í samræmi við landið allt en ekki eingöngu höfuðborgarsvæðið. Um var að ræða fimm sveitarfélög. Aðferðir Allyn og Bacon voru nýttar við úrvinnslu. Það er skjalagreining (e. *document analysis*) sem felst í greiningu opinberra skjala og annarskonar gagna svo sem á heimasíðum viðkomandi sveitarfélags eða stofnanna. Einnig var leitast eftir prentuðu efni (fundargerðir, skýrslur, greinar og fleira). Markmiðið með þessari nálgun var að finna mynstur eða samnefnara í starfseminni. Rannsakandi byrjar með upplýstu hugboði eða hugmyndum og í framhaldinu eru bráðabirgðamynstur greind og viðbótargögnum safnað til að ákveða hvort þau passi við þessi mynstur (Allyn & Bacon, 2014).

4 Rannsókn

Það sem gert var í þessari rannsókn var að skoða heimasíður og heyra í nokkrum stjórnendum félagsmiðstöðva. Skoða starfsskrár og stefnu sveitarfélagana sem haft var samband við. Skoðuð voru bæði sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Skrifuð var stutt yfirferð eftir könnun á hverju sveitarfélagi, niðurstöðurnar voru svo teknar saman og má þær finna í endanum á þessum kafla. Það gekk misvel að safna upplýsingum frá sveitarfélögum og eru þetta því aðeins sveitarfélög sem gögn fengust frá. Eitt sveitarfélag sem haft var samband við veitti engin gögn og því var ekki mögulegt að álykta um það. Sveitarfélögin sem skoðuð voru höfðu mismunandi fjölda félagsmiðstöðva á sínum snærum, frá einni félagsmiðstöð yfir í sjö félagsmiðstöðvar.

Þegar farið var í gegnum upplýsingarnar sem fengust frá sveitarfélögum var mikilvægt að tryggja það að við yfirlestur og mat á starfsskrám sveitarfélaganna væri hlutleysis gætt. Leitað var að fjórum lykilatriðum sem voru *skýr markmið starfsins*, *skýrar verklagsreglur*, *hlutverk starfsmanna skýr* og *skýrt hvernig unglíngurinn hefur áhrif á starfið*. Með því að leita að þessum atriðum var mögulegt að leggja mat á það hver staðan væri hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Leitað var að þessum atriðum með því að kanna hvort starfsmenn gætu áttað sig á því hver hlutverkin eru. Það hversu skýrt hvert og eitt atriði kemur fram í hverri og einni starfsskrá þarf að ákveða og mikilvægt er að það standi beinum orðum fyrst og fremst. Nánari útlistun á þessum fjórum lykilatriðum má finna hér að neðan.

- *Skýr markmið starfsins*: Hverju á að ná út úr starfinu? Hvað á að gera í starfinu?
- *Skýrar verklagsreglur*: Starfsfólk fær fræðslu og tryggt að starfsfólk þekki lög sem tengjast tilkynningum og öðru tengt vernd barna.
- *Hlutverk starfsmanna skýr*: Er útskýrt hvaða kosti starfsfólk þarf að hafa? Hvað er lykilstarfsemi og hvað, ef eitthvað, annað er verið að gera í starfinu.
- *Skýrt hvernig unglíngurinn hefur áhrif á starfið*: Það sem fyrst þarf að leita að þar er orðið unglíngalýðræði. Eða er unglíngalýðræði lýst þannig starfsfólk geti unnið eftir þeirri hugmyndafræði að unglíngarnir hafi áhrif á starfið.

4.1 Sveitarfélögin

Þau fimm sveitarfélög sem könnun var gerð á voru Hafnafjörður, Akureyri, Ísafjörður, Stykkishólmur og eitt sveitarfélag sem ekki fengust gögn frá. Sveitarfélagið sem ekki veitti gögn var tekið með í greininguna en þó ekki nafngreint. Farið verður í gegnum gögnin í undirköflum. Samantektin byggir á upplýsingum úr þeim gögnum sem fengust frá sveitarfélögunum.

4.1.1 Sveitarfélag 1: Hafnafjörður

Á heimasíðu sveitarfélagsins var mikið af upplýsingum um frístundastarf þess. Félagsmiðstöðvastarf er vel skilgreint í þessu sveitarfélagi. Það nær til allra nemenda í unglinga og miðdeild skólanna í sveitarfélaginu. Gefið er tækifæri til að stunda þroskandi og skapandi félagsstarf á jafnréttisgrundvelli í heilbrigðu umhverfi. Eins er þar talað um að félagsmiðstöðin sé vettvangur þar sem unglingar og börn fá tækifæri til að axla ábyrgð, sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og sýna frumkvæði. Einnig er sett fram með skýrum hætti að félagsmiðstöðvarnar í sveitarfélaginu eigi að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í samstarfi við nemendaráð, sem taki svo mið af áhugamálum unglingana hverju sinni. Tekið er fram að félagsmiðstöðin á að leitast við að ná til unglinga sem teljast til áhættuhóps og stunda ekki heilbriggt tómstundastarf. Að auki á félagsmiðstöðin á að vera vakandi fyrir þörfum samfélagsins og hafa jákvæð áhrif á unglingana hvað varðar þau málefni sem tengjast daglegu lífi þeirra.

Leiðir að markmiðum eru settar fram á skilvirkan og skýran hátt. Hlutverk verkefnastjóra, annarra starfsmanna og foreldra eru skýr.

Sér kafli er settur fram um unglingalýðræði sem tryggir rétt unglinga til að hafa áhrif á starfið.

(Hafnafjörður, 2016)

4.1.2 Sveitarfélag 2: Akureyri

Heimasíða sveitarfélagsins er aðgengileg og einfalt að finna upplýsingar um frístundastarfið. Félagsmiðstöðvar eru með skýran ramma í þessu sveitarfélagi. Fram kemur að meginmarkmið starfsemi félagsmiðstöðva er að sinna uppbyggilegum forvörnum og frístundum, virkja unglinga og auka þátttöku í félagsstarfi.

Félagsmiðstöðvastarfið gefur öllum 10 til 16 ára kost á að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf, sem og fjölbreytta óformlega menntun í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli.

Markmið félagsmiðstöðva sveitarfélagsins er að skapa tækifæri fyrir unglinga, þjálfra frumkvæði, félagsproska, lýðræðisleg vinnubrögð, sjálfstæði og færni þeirra til að axla ábyrgð. Leiðir til að finna unglinga sem teljast til áhættuhóps eru skýrt settar fram og einnig er skrifað um og settur fram hvati um samstarf við aðrar stofnanir og starfsmenn sveitarfélagsins.

Starfsreglur eru nokkuð stuttar og aðeins er talað um fjöldaútreikninga, hve margir starfsmenn eiga að vera á vakt hverju sinni og svo framvegis.

Þó er tekið fram að starfsfólk á að eiga möguleika á starfsþróun og er starfsfólk hvatt til að auka hæfni og fagmennsku sína með fræðslu og námskeiðum.

Skýrt var tekið fram út frá hverju starfið er metið.

(Akureyrarbær, 2010)

4.1.3 Sveitarfélag 3: Ísafjörður

Í samtali við starfsfólk fengust ábendingar um gögn sem unnið er eftir. Í þessu sveitarfélagi er mikið samstarf milli skóla og félagsmiðstöðvar. Í skólanum og í félagsmiðstöðinni er unnið eftir uppbyggingarstefnunni. Þar sem stefnan er nokkuð lýsandi um samskipti starfsfólks og nemenda þá er þessi stefna gott hjálpartæki fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva sveitarfélagsins.

Nefnd verða hér að neðan fimm vonlaus viðbrögð sem dæmi til að sýna kosti þessarar stefnu í samskiptum. Þessi fimm vonlausu viðbrögð voru: *afsakanir*, *ásakanir*, *skammir*, *tuð* og *uppgjöf*.

Allir gera mistök og uppbyggingarstefnan segir okkur að það sé allt í lagi. Það sem skiptir máli er að við lærum af mistökunum og bætum fyrir þau. Þegar börnum verður á í messunni, eins og kemur fyrir á bestu bæjum, er mikilvægt að hinir fullorðnu bregðist rétt við. Það hefur lítinn tilgang að fara að rífast og skammast. Það sem helst ber að forðast eru vonlausu viðbrögðin fimm: *Afsakanir*, *ásakanir*, *skammir*, *tuð* og *uppgjöf*. Það sem skiptir máli er hvað barnið ætlar að gera næst, og hvernig hægt er að leysa málið. Með öðrum

orðum, við horfum fram á við og einbeitung okkur að lausninni, ekki að vandamálinu! Í lausninni er fólgin sá lærdómur sem við drögum.

Virkt forvarnarstarf er í gangi og reynt er að finna eitthvað við hæfi allra, ýta undir hæfileika og séð til þess að unglingarnir fái að njóta sín í því sem þau eru góð í. Skýrt verklag við brotum á reglum er einnig til staðar.

(Skarphéðinn Jónsson, 2007)

4.1.4 Sveitarfélag 4: Stykkishólmur

Starfsfólk benti á hverjar væru áherslur í starfi félagsmiðstöðvarinnar í sveitafélaginu. Mikið er horft til áðurnefndra tilmæla Samfés í gæðaviðmiðum Stykkishólms. Í starfi félagsmiðstöðvarinnar er aðallega horft til 13 til 16 ára. Í félagsmiðstöðinni er byggt á áhuga og virkni unglinganna sjálfra, að þeir séu virkir og ábyrgir þátttakendur. Einnig er lögð áhersla á að efla félags- og tilfinningaþroska með því að sjá til þess að allir fá sömu tækifæri, byggi upp jákvæða sjálfsmynd og finni eitthvað við sitt hæfi. Forvarnir og fræðsla fara fram í samstarfi við þá aðila sem koma að þeim málum í bæjarfélaginu. Starfsfólk skal setja skýr mörk við neikvæðri hegðun. Einnig eiga starfsmenn að vera jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi. Reykingar, áfengi og önnur vímuefni eru ekki leyfð. Við brot á reglum er viðkomandi vísað tímabundið frá félagsmiðstöðinni og samband haft við foreldra eða forráðamenn.

(Stykkishólmsbær, 2005)

4.1.5 Sveitarfélag 5

Á heimasíðunni má finna opnunartíma félagsmiðstöðvar. Þar er ekki mikið annað sem finnst þrátt fyrir leit á heimasíðu, í fundargerðum og öðrum opinberum gögnum bæjarfélagsins auk samtals við yfirmann málaflokksins. Þar sem ekki fengust nægar upplýsingar til að áætla um stöðu þessa sveitafélags verður það ekki nafngreint.

Tafla 1

SVEITARFÉLAG	SVEITARFÉLAG 1	SVEITARFÉLAG 2	SVEITARFÉLAG 3	SVEITARFÉLAG 4	SVEITARFÉLAG 5
SKÝR MARKMIÐ FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARFSINS	Já	Já	Nokkuð. En alls ekki fullnægjandi	Já	
SKÝRAR VERKLAGSREGLUR	Já	Já	Að miklu leyti	Að miklu leyti	
HLUTVERK STARFSMANNA SKÝR	Já	Að hluta	Að hluta	Að hluta	
SKÝRT SETT FRAM AÐ UNGLINGAR HAFI ÁHRIF Á STARF FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR	Já	Já	Að hluta	Að hluta	

(Tafla 1. Unnin af Ágústi Arnari Þráinssyni 2018)

4.2 Niðurstöður

Sveitarfélag 1

Það er hægt að segja margt mjög gott um það efni sem starfsfólk í félagsmiðstöðvum í Hafnarfirði fær í hendur. Það efni er mjög lýsandi og gefur góða mynd af starfinu, að minnsta kosti þegar horft er til þeirra fjögurra þátta sem leitað var að í þessari rannsókn. Gögnin sem skoðuð voru eru aðgengileg á heimasíðu Hafnafjarðar, það er því þægilegt fyrir til að mynda foreldra og aðra að finna upplýsingar um starfið. Það eitt og sér gerir það einfaldara fyrir foreldra og starfsfólk að fá upplýsingar um starfsemina.

Sveitarfélag 2

Mikið af góðu efni hefur verið gefið út hjá þessu sveitarfélagi. Félagsmiðstöðvastarfið er með skýr markmið og einfalt er að finna upplýsingar. Efnið er auðlæsilegt og framsetning þess skýr. Greinargerð fyrir því hvernig unglingar hafa áhrif á starfið er góð og einfalt að átta sig á þeim verkefnum sem tengjast unglungalýðræði og því hvernig samstarfið á að fara fram. Það sem kannski helst vantar er skilgreining á hlutverki starfsfólks. Það er mikilvægt að tryggja að starfsfólk sé með sín hlutverk á hreinu og ekki bara einblína á hvernig á að bregðast við brotum í starfi þó það sé vissulega þarft að hafa tilbúna aðgerðir ef það kemur upp brot í félagsmiðstöðvastarfinu.

Sveitarfélag 3

Hjá sveitarfélagi 3 er mikið samstarf við skólann. Þar skortir þó að markmið félagsmiðstöðvastarfsins séu nægilega skýr fyrir starfsfólk. Þar er til dæmis ekki rætt um hvernig grundvöll á að skapa í félagsmiðstöðinni. Það vantar einnig að meira sé rætt um unglungalýðræði. Það er ekki nefnt berum orðum, en samt sem áður er hægt að lesa úr gögnunum að unglingar fái tækifæri til að hafa áhrif á starfið. Þetta þyrfti þó að koma skýrar fram.

Sveitarfélag 4

Þar eru tilmæli Samfés nýtt, sem er jákvætt. Markmið félagsmiðstöðvarinnar eru skýr. Verklagsreglur eru ekki alveg nægilega skýrar og þyrfti að bæta þar úr. Einnig eru hlutverk starfsmanna ekki alveg nægilega skýr. Það er heldur ekki mikið rætt um með hvaða hætti unglingarnir hafa áhrif á starfið í félagsmiðstöðinni.

Niðurstöður þessarar yfirferðar leiða í ljós að sveitarfélög eru misvel stödd þegar staða sveitafélaganna er skoðuð með tilliti til frístundastarfs og mikilvægra viðmiða í starfi.

Það er erfitt að sjá nákvæmar niðurstöður með því að styðjast eingöngu við skjöl og starfsskrár úr félagsmiðstöðvunum. Það sem þó virðist augljóst, jafnvel þótt rannsóknin hafi aðeins náð til fárra sveitarfélaga, er að þörfin fyrir opinberan ramma, þar sem tryggt er að sveitarfélög séu með skýr markmið, er til staðar. Skýr lagarammi myndi auðvelda minni sveitarfélögum að búa til ramma í kringum félagsmiðstöðvastarfið.

Einnig þarf að tryggja að unglíngalýðræði sé til staðar í starfi félagsmiðstöðva. Það þarf að vera öllu starfsfólki félagsmiðstöðva mjög ljóst að unglíngalýðræði er mikilvægur hluti af starfi félagsmiðstöðva og gert grein fyrir því hvernig unglíngalýðræði kemur fram í starfi félagsmiðstöðva.

Félagmiðstöðvastarfið þarf að vera skilgreint með skýrum hætti til að tryggja faglegt starf um allt land og starfsfólk verður að geta tekið við keflinu.

5 Lokaorð

Félagsmiðstöðvastarfið er gott í þessum sveitarfélögum, en það er þarft að tryggja að skortur á fagmenntuðu starfsfólki komi ekki niður á gæðum starfsins.. Lagarammi í kringum starf félagsmiðstöðva hefur ekki aðeins þann tilgang að tryggja sveitarfélögum fagleg viðmið, heldur einnig að tryggja að öll sveitarfélög hafi aðgang að stoðefni og að grunnrammi félagsmiðstöðva sé góður. Mjög mikið af góðu fólki er í starfi hjá félagsmiðstöðvum um allt land, en það þarf að tryggja lagalega stöðu félagsmiðstöðva og starfsfólk þess. Núverandi regluverk gerir það að verkum að félagsmiðstöðvar eru ekki skilgreindar sem lögbundin grunnþjónusta hjá sveitarfélögum. Ef til aðhaldsaðgerða kemur hjá sveitarfélögum þarf að tryggja að félagsmiðstöðvastarf verði ekki niðurskurðarhnífnum að bráð. Félagsmiðstöðvar þurfa rými og fjárhagslegt svigrúm fyrir það mikilvæga starf sem fer þar fram.

Þessi rannsókn leiðir ýmislegt í ljós, jafnvel þótt sveitarfélögin sem voru tekin til skoðunar séu ekki mörg. Sveitarfélögin hafa öll stoðefni sem þau gefa starfsfólkinu sínu til að reyna að tryggja að í félagsmiðstöðvunum fari fram faglegt starf. Það er þó mismikið af stoðefni sem starfsfólkið fær í hendur og það þarf að tryggja að starfsfólkið skilji hvernig starf á að fara fram í félagsmiðstöðvum landsins. Það er þó engin ástæða til að fullyrða að sveitarfélögin séu ekki að rækja sínar skyldur vel, því eins og hefur komið fram í skrifunum hér að ofan eru engin formleg viðmið eða staðlar til staðar. Það er því mjög erfitt fyrir félagsmiðstöðvar að leggja fram marktækar mælingar á gæðum þess starfs sem þar fer fram. Óskilgreind starfsemi, eins og félagsmiðstöðvastarfið virðist vera, þarf ramma. Það þarf að skilgreina hvað á að fara fram í félagsmiðstöðinni og hvernig eigi að háttá hlutunum, sem og skilgreina þá menntun sem einstaklingur sem tekur að sér forstöðumannsstöðu í félagsmiðstöð á að hafa.

Það er mikilvægt að sveitarstjórnir setji viðmið um hvernig starfið eigi að vera. Það stafa nýjar ógnir að ungu fólki og það kallar á að starfið fari fram með samræmdum hætti og að allir aðilar séu á sömu blaðsíðu. Forvarnarstarf er eitt hlutverk sem félagsmiðstöðvarnar hafa tekið að sér og stór hluti af starfsemi félagsmiðstöðvastarfsins er að tryggja að sú umræða eigi sér stað.

Reynsla mín úr félagsmiðstöðvastarfi er sú að starfsfólk fái oft spurningar sem erfitt er að spyrja og oft erfitt að svara. Það að unglingar hafi tækifæri á að spyrja fullorðna manneskju, sem þeir líta á sem jafningja, er einstakt og það verður að halda áfram að tryggja að unglingar hafi greiðan aðgang að fullorðnum aðila sem tengist hvorki fjölskyldu né skóla. Frístundamiðstöðin býður uppá stað þar sem hvorki skólinn né heimilið hefur

áhrif. Það hlutleysi sem félagsmiðstöðvar hafa tryggir að unglingar sem eiga erfitt með að fóta sig í skóla geta þó fundið stað þar sem þeir hafa tækifæri til að blómstra.

6 Heimildir

Akureyrarbær. (2010) Forvarna og æskulýðsmál. Sótt af

<https://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/rosenborg/pdf/Forvarna-og-aeskulydsmal-starfsskra.pdf>

Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (Ritstjórn). (2017)

Frístundir og fagmennska. Sótt af

http://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/fristundir_og_fagmennska_utgafa.pdf

Hafnafjörður. (2016) Starfsskrá Tómsundamiðstöðva Hafnarfjarðar Sótt af

https://www.hafnarfjordur.is/media/fraedsluthjonusta/starfsskra-tomstundamidstodva_2016-2018_loka.pdf

Jacobsen, H. (2000). Ungdomsarbeideren – om kultur og metode i fritidsklubber. Oslo:

Kommuneforlaget.

Leitner, M.J. og Leitner, S.F. (2012). Leisure enhancement (4. Útgáfa). Urbana: Sagamore

Publishing.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2018) Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn,

hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=80cf3a67-3103-11e8-942a-005056bc530c>

Samfés. (e.d) Sótt af <https://www.samfes.is>

Samfés. (e.d) Sótt af <https://www.samfes.is>

Skarphéðinn Jónsson. (2007) Upplýsingabæklingur fyrir foreldra. Sótt af

http://grisa.isafjordur.is/yomis_skjol/skra/178/

Skarphéðinn Jónsson. (2007) Upplýsingabæklingur fyrir foreldra. Sótt af

http://grisa.isafjordur.is/yomis_skjol/skra/178/

Stykkishólmsbær (2005) Forvarnarstefna Stykkishólmsbæjar. Sótt af

http://www.stykkisholmur.is/library/Skrar/Stefnur-og-aaetlanir-samthykktar-af-baejarstjorn/Skra_0013134.pdf

The Allyn & Bacon Guide to Writing, 7th edition (2014). Beaverton: Ringgold Inc.

Trainor, S., Delfabbro, P., Anderson, S. og Winefield, A. (2010). Leisure activities and

adolescent psychological well-being. *Journal of Adolescence*, 33(1), 173-186.

Ungdomslagen í Finnlandi, nr. 1285/2016. Sótt af

<http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2016/20161285?search%5Btype%5D=pika&search%5Bpika%5D=ungdomslagen>

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). Tómsfundamenntun. *Uppeldi og menntun*, 23(1), 91–97.

Sótt af <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1963>